

Sjáðu hvað þú getur!

Horfðu á það sem þú getur – ekki það sem þú getur ekki!

Málefni	Mismunun og útlendingahatur, félagsleg réttindi, íþróttir
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	6–36
Tími	120 mínútur
Yfirlit	<p>Þetta er verkefni sem hvetur til samkenndar með fötluðum. Meðal mála sem fjallað er um eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hindranir sem fólk með fötlun verður fyrir þegar það vill samlagast þjóðfélaginu. • Viðurkenning á réttindum fólks með fötlun sem grundvallarmannréttindum.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn á því að vera ekki mismunað. • Jöfnuður að virðingu og réttindum. • Rétturinn til félagslegs öryggis.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að vekja vitund um ýmis vandamál sem fólk með fötlun mætir í daglegu lífi. • Að skapa innsýn í þarfir fólks með fötlun og hæfni til að uppfylla þær. • Að efla samkennd og samstöðu.
Efniviður og aðstaða	<p>Fyrir kynninguna:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Pappírsblað og penni á hvern þátttakanda. <p>Í 2. hluta, á hvert þar:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Plastpoki með kál- eða salatblaði, blýanti, krítarmola, laufblaði (af hvaða tré sem er), pappírsblaði í lit og flösku eða dós af gosdrykk. • Klútur til að binda fyrir augu. • Blað og penni. <p>Í 3. hluta, á hvert þar:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eitt hlutverkaspjald. • Eitt blað og penni. <p>Fyrir 4. hluta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjólastólar, einn á hverja átta þátttakendur. • Rými til að búa til braut með hindrunum. (Annað herbergi væri æskilegt en er þó ekki nauðsynlegt. Einnig væri hægt að vera utandyra.) • Hindranir, t.d. borð og stólar, viðarplankar, stafar af gömlum dagblöðum o.s.frv. • Ein stór pappírsörk eða tafla og merkipennar. • Úr eða skeiðklukka.

MÁLEFNI



MISMUNUN



FÉLAGSLEG RÉTTINDI



ÍÞRÓTTIR

ÞYNGDARSTIG



STIG 3

HÓPSTÆRÐ



6–36

TÍMI



120 MÍNÚTUR

- Undirbúningur**
- Útbúðu hlutverkaspjöldin. Veldu annaðhvort einhverjar þær aðstæður sem lagðar eru til í þessu verkefni eða skapaðu þínar eigin.
 - Hafðu til reiðu annað herbergi, ef hægt er, sem þú getur haft tilbúið fyrir hindrunarkeppnina, enn betra er þó að leggja brautina utandyra. Ef þú setur hana upp inni skaltu nota borð og stóla til að gera mjóa ganga og setja spýtur eða blaðabunka á gólfíð til að líkja eftir ógreiðfæru svæði úti við.

Leiðbeiningar

Þetta verkefni er í fjórum hlutum: 1. hluti, kynning, 2. hluti, ganga með bundið fyrir augun, 3. hluti, táknmál og 4. hluti, hjólastólakeppni.

1. hluti Kynning (10 mínútur)

1. Segðu þátttakendum að verkefnið snúist um þrenns konar fötlun: blindu, heyrnar- og málleysi og hreyfihömlun.
2. Láttu þátttakendur velta því fyrir sér í nokkrar mínútur hvernig þeir vildu – og vildu ekki – láta koma fram við sig ef þeir væru fatlaðir. Segðu þeim að skrifa hjá sér fáein lykilorð.
3. Síðan skaltu biðja þá að skrifa hjá sér hvað þeir óttuðust mest ef þeir væru fatlaðir.
4. Þegar þessu er lokið skaltu biðja þátttakendur að snúa blöðunum við og búa sig undir að „kynnast alvörinni“.

2. hluti Blinddragangan

1. Láttu þátttakendur koma tvo og tvo saman. Dreifðu klútunum til að binda fyrir augun. Einn í hverju pari á að vera einstaklingurinn með fötlunina og hinn er leiðsögumaður hans. Leiðsögumaðurinn þarf stöðugt að tryggja öryggi félaga síns. Hann má aðeins svara einföldum spurningum um öryggi með „já“ eða „nei“.
2. Segðu leiðsögumönnum að fara með félag sína í fimm mínútna gönguferð, þar á meðal upp og niður stiga eða út ef hægt er.
3. Þegar þeir koma aftur til baka eiga leiðsögumennirnir að leiða félag sína til sætis. En á stólnum er eitthvað sem kemur á óvart! Poki! Hvað er í honum?
4. Hinir blindu verða að greina innihaldið. Leiðsögumennirnir skrifa niður ágiskanir þeirra.
5. Láttu nú þá „blindu“ taka frá augunum og sjá hlutina. Leyfðu félögum að ræða stuttlega saman um reynslu sína og það sem kom þeim á óvart.
6. Gefðu þátttakendum fáeinar mínútur til að komast út úr hlutverkum sínum og farðu síðan yfir í 3. hluta.

3. hluti Táknmál

1. Segðu þörunum að skipta nú um hlutverk; aðstoðarmennirnir eiga nú að vera með fötlun, í þetta skipti heyrnar- og mállausir, og félagar þeirra eru ófatlaðir aðstoðarmenn.
2. Láttu hvern þátttakanda með fötlun fá eitt spjald sem lýsir aðstæðum. Þeir mega ekki sýna félögum sínum spjöldin. Láttu aðstoðarmennina fá pappírblað og penna.
3. Útskýrðu fyrir „mállausu“ þátttakendum að þeir þurfi að koma aðstoðarmanninum í skilning um hvert vandamálið er. Þeir mega hvorki tala, skrifa né teikna. Aðstoðarmennirnir eiga að skrifa hjá sér hvað þeir halda að skilaboðin snúist um.
4. Þegar „mállausu“ leikandinn hefur tjáð sig eins og hann best getur sýnir hann aðstoðarmanninum hlutverkspjaldið sitt. Leyfðu þörunum að fara stuttlega yfir áform sín, vandamál og vonbrigði.

4. hluti Hjólastólakeppnin

1. Sýndu þátttakendum hindrunarbrautina. Útskýrðu fyrir þeim að sigurvegarinn sé sá sem kemst á leiðarenda á stystum tíma. Refsistig eru fyrir að rekast á hindranirnar á brautinni.
2. Skráðu niðurstöðurnar á stórt blað.
3. Að keppninni lokinni skaltu gera stutt hlé og hefja síðan samantekt og mat.

Samantekt og mat

Kalla skal alla þátttakendur saman og fara yfir 2., 3. og 4. hluta verkefnisins. Ræðið hvað þátttakendur vissu fyrirfram og hvað þeir lærðu af þessari reynslu.

1. Byrjið á göngunni þar sem bundið var fyrir augun. Þeir sem voru með bundið fyrir augun og þeir sem hjálpuðu þeim eiga að lýsa viðbrögðum sínum:
 - Hvernig leið þeim meðan á æfingunni stóð?
 - Hvað var erfiðast? Hvað var fyndið? Hvað var ógnvekjandi?
 - Hversu erfitt var að treysta á einhvern og vera treyst?
 - Hvernig gekk þátttakendum að þekkja hlutina í pokanum? Hvaða skilningarvit notuðu þeir? Hversu margir þorðu að opna flöskuna/dósina og fá sér sopa?
2. Nú er fjallað um 2. hluta, táknmálið:
 - Hvernig leið þátttakendum meðan á æfingunni stóð?
 - Hvað var erfiðast? Hvað var fyndið? Hvað var ógnvekjandi?
 - Var það pirrandi þegar félaginn skildi ekki bendingarnar?
 - Var það svekkjandi eða vandræðalegt að skilja ekki féлага sinn?
3. Næst skal fjalla um hjólastólakeppnina:
 - Hvernig fannst þátttakendum að vera svona hreyfihamlaðir?
 - Hvað var erfiðast? Hvað var fyndið? Hvað var ógnvekjandi?
4. Nú ætti að fjalla um óttann og væntingarnar sem þátttakendur létu í ljós í byrjun æfingarinnar. Þeir ættu að líta á lykilorðin sem þeir skrifuðu þá:
 - Reyndist ótti þeirra að einhverju leyti á rökum reistur?
 - Hvernig reyndu þátttakendur að hjálpa féлага sínum?
 - Hvernig var hjálpinni tekið?
 - Hve auðvelt er að meta það hversu mikið eigi að hjálpa?
5. Hvað óttuðust þátttakendur mest í sambandi við fötlunina? Á hverju byggðist sá ótti? Hafa þátttakendur einhvern tíma óttast það að verða fatlaðir eftir slys eða veikindi?
6. Hvað kom þátttakendum mest á óvart af því sem þeir lærðu í verkefninu?
7. Þekkja þátttakendur einhverja sem eru blindir, mállausir eða í hjólastól? Hvernig er félagslíf þeirra? Hvernig bregst annað fólk við þeim?
8. Ef litið er á innréttingar húsa og götur í nágrenninu, hversu gott er aðgengi fatlaðra þar?
9. Hvað er hægt að gera og á að gera til að tryggja jafnrétti og virðingu fólks með fötlun?
10. Eru réttindi fólks með fötlun einnig mannréttindamál? Hvaða réttindi í Mannréttindayfirlýsingu SP eru sérstaklega mikilvæg?
11. Hvað getur skólinn, félagið eða æskulýðshópurinn gert til að stuðla að jafnrétti og virðingu fólks með fötlun?

Lykildagsetning

3. desember
Alþjóðadagur fatlaðra

Ábendingar til leiðbeinanda

Ekki skal ætla of langan tíma fyrir keppnina í 4. hluta. Tvær til þrjár mínútur duga, sérstaklega ef hjólstólarnir eru ekki fleiri en tveir eða þrír, því að annars þurfa þátttakendur að bíða og þeim gæti farið að leiðast. Hugsanlega er hægt að fá lánaða hjólastóla af spítala í grenndinni eða frá stofnun sem lánar hjólastóla þeim sem þurfa þá tímabundið. Í stað hjólastóls mætti útbúa þátttakendur þannig að þeir ættu erfitt með hreyfingar. Sem dæmi má taka stærðar stígvél á öfugum fæti!

Framkvæmd verkefnisins hlýtur að fara mjög eftir hópnum. Gæta þarf þess að allir skilji að þeir eigi að fara í gegnum mismunandi „eftirlíkingar af raunveruleikanum“ þar sem þeir fá að kynna eigin tilfinningum og viðbrögðum við því hvernig það er að vera með fötlun. Taka skal fram að tilgangurinn sé ekki að gera grín að neinum eða valda óþarfa streitu eða niðurlægingu. Þátttakendur eiga að haga sér „eðlilega“ og gæta þess að ofleika ekki. Fullvissa þarf þátttakendur um að á vissum augnablikum geti þeim fundist þeir klaufalegir og óöruggir en að ekkert skaðlegt eða hættulegt muni koma fyrir þá.

Ef ekki er tími fyrir allar „eftirlíkingar raunveruleikans“ má taka eina eða tvær. Sú reynsla að vera blindur er kannski það erfiðasta og átakanlegasta sem þátttakendur upplifa í þessu verkefni. Ef aðeins er hægt að velja einn hluta er því mælt með að velja blindrahlutann. Þá ætti að láta þátttakendur skipta um hlutverk svo að allir geti kynnst því hvernig það er að vera fatlaður. Í því tilviki verður að muna að útbúa viðbótarþoka með hlutum til að greina.

Þetta er alvarlegt verkefni en búast má við ýmsum myndum uppákomum. Þær verða að fá að hafa sinn gang. Ekki ætti að skerast í leikinn nema þátttakendur fari mjög ógætlega eða séu með óviðeigandi athugasemdir um fólk með fötlun. Einnig er hægt að taka á þessu í matinu og samantektinni með spurningum eins og: Hvenær er gert grín að fólki með fötlun? Hverjir gera það og hvers vegna? Hvenær er í lagi að skopast að fólki með fötlun? Hvar liggja mörkin milli myndni og móðgandi ummæla?

Tilbrigði

Hægt er að líkja eftir ýmiss konar annarri fötlun, sem fólk ber yfirleitt ekki utan á sér, svo sem námsörðugleikum eða tungumálaörðugleikum, eftir því hvað stendur næst veruleika hópsins. Einn möguleiki er að líkja eftir fötlun eða vanhæfni sökum aldurs; það gæti aukið skilning þátttakenda á hlutskipti aldraðra og (bágum) aðstæðum til lífs með reisu.

Tillögur um framhald

Ef unnið er með börnum mætti taka 23. grein Barnasáttmálans til umfjöllunar, þar sem segir að börn með fötlun eigi rétt til sérstakrar umönnunar, menntunar og þjálfunar sem geri þeim kleift að njóta fulls og sómasamlegs lífs. Biðja mætti þátttakendur að finna fólk í sínu nánasta umhverfi (þar á meðal fjölskyldunni) sem á við einhvers konar fötlun að stríða. Þeir gætu síðan kannað nánar hvaða þjónustu og úrræðum þetta fólk hefur aðgang að. Eru einhver börn með fötlun í hópnum eða félaginu eða í skólanum? Geta þau gert það sama og allir aðrir? Ef ekki, af hverju?

Ef hópurinn vildi kanna hvernig hægt sé að bregðast við „algengum“ vandamálum sem snerta annars konar mismunun – mismunun á grundvelli kynþáttar – er bent á verkefnið „Viðbrögð gegn kynþáttafordómum“ á bls. 248.

Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu haft uppi á hópi fólks sem er hjálparþurfi og kannað hvernig þeir gætu komið til hjálpar. Leiðbeiningar og hugmyndir má finna í kaflanum um „Aðgerðir“ aftar í þessari bók. Mikilvægt er að taka þátt í starfi hjá samtökum sem aðstoða fólk með fötlun og ganga út frá þeim þörfum sem það sjálft telur sig hafa.

Nánari upplýsingar

Mjög mismunandi er eftir löndum hvernig staðið er að umönnun fatlaðra og hvernig réttinda þeirra er gætt. Ástæðan virðist vera af efnahagslegum toga en raunin er líklega sú að jafnrétti og félagsleg samstaða er ekki tekin alvarlega. Sem dæmi má nefna að almannatryggingar greiða ekki alls staðar fyrir heyrnartæki. Sama gildir um símabúnað fyrir heyrnarlausu og misjafnt er hvort hið opinbera greiðir fyrir rafmagnshjólástóla þegar þeirra er þörf.

Upplýsingar um mismunun gagnvart fólki með fötlun má finna í ítarefninu um mismunun og útlendingahatur á bls. 338. Upplýsingar um Ólympíuleika fatlaðra eru í ítarefninu um íþróttir og mannréttindi á bls. 391.

Til athugunar: Þetta verkefni er hugmynd Móniku Mádai, forseta samtakanna „Sameiginleg örlög“ (Közös Sors Egyesület, ungverskra samtaka sem vinna að því að efla félagsleg samskipti fatlaðs og ófatlaðs fólks). Hún er einnig félagi í landsráði Ungverjalands um málefni fatlaðra sem er fulltrúi Ungverjalands í Rehabilitation International, alþjóðlegur æskulýðsþjálfari og einstaklingur sem lætur til sín taka, fædd með fötlun.

EFNI TIL DREIFINGAR

Aðstæður 1

Reyndu að útskýra það fyrir félagi þínum, án orða, að þú hafir orðið fórnarlamb ofbeldis. Hópur ofbeldismanna réðst á þig í almenningsgarði, stal töskunni þinni eða veskinu og barði þig. Spyrðu hvar lögreglustöðin sé.

Þú getur hvorki talað, skrifað neitt né teiknað á blað.

Aðstæður 2

Þú ert í mötuneyti, kannski í skólanum eða félagsmiðstöðinni. Útskýrðu það fyrir kokkinum að þú borðir ekki spaggetti með kjötsósu því þú borðir bara grænmeti, þú sleppir ekki aðeins kjöti, heldur einnig öllum mjólkurafurðum (t.d. mjólk, smjóri og osti) og eggjum.

Þú getur hvorki talað, skrifað neitt né teiknað á blað.